

Alþingi
Atvinnuveganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 31. október 2022

Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi tillaga til þingsályktunar mál 9; endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar þessa umsögn.

Mál þetta er endurflutt frá síðasta þingi, þá skilaði Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga umsögn um málið [152-934.pdf \(althingi.is\)](#) ásamt því sem kynnt var efni ályktunar 66. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, haldið í október 2021.

Í ályktunum 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, haldið í september s.l. var áréttað það beri að tryggja að nærsamfélög njóti uppbyggingar í fiskeldi og gætt sé hagsmuna samfélaganna við stefnumörkun í greininni.

Hér með er því ítrekað efni fyrri umsagnar, að tilgreind endurskoðun á laga og reglugerðarumhverfi fari fram. Telur Fjórðungssamband að markmið þingsályktunartillögunnar styðji jafnframt vinnu sem matvælaráðherra hóf á árinu 2022 um heildarendurskoðun á ramma fiskeldis.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að umfjöllun um þingsályktunina síðari stigum.

f.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri